# Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

## Ársreikningur 2015

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innrimel 3
301 Akranesi
Kt.550399-2299

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er rekið af sveitarfélögunum á Vesturlandi sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Aðildarsveitarfélög að Heilbrigðiseftirliti Vesturlands eru Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundafjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.

Samkvæmt rekstrarreikningi nema heildartekjur eftirlitsins 25,8 millj. kr. og er rekstrarniðurstaða eftirlitsins jákvæð um 0,6 millj. kr. Eigið fé eftirlitsins í árslok 2015 samkvæmt efnahagsreikningi nam um 1,7 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun afkomu ársins og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands störfuðu 2 starfsmenn á árinu 2015 og greiddi eftirlitið 16,3 millj. kr. í laun að meðtöldum stjórnarlaunum að fjárhæð 1,4 millj. kr. Launatengd gjöld námu 4,1 millj. kr. Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra námu 10,0 millj. kr. á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands staðfesta hér með ársreikning Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Hvalfjarðarsveit, 4 /4 2016.

Í stjórn:

Ingibjörg Valdimarsd.

Hafdís Bjarnadóttir

Hulda Hrönn Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri:

Helgi Helgason

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til aðila að Heilbrigðiseftirliti Vesturlands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gefi glögga mynd af afkomu eftirlitsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 4/4 2016.

***KPMG ehf.***

Kristrún Helgadóttir

Haraldur Örn Reynisson

# Rekstrarreikningur ársins 2015

| | Skýr. | Ársreikningur 2015 | Fjárhagsáætlun 2015 | Ársreikningur 2014 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Framlög sveitarfélaga | | 9.810.000 | 9.810.000 | 9.000.001 |
| Eftirlitsgjöld | | 14.056.262 | 14.560.000 | 13.680.253 |
| Sýnataka | | 1.237.800 | 1.648.000 | 1.018.861 |
| Aðrar sértekjur | | 720.904 | 879.000 | 841.372 |
| | 4 | 25.824.966 | 26.897.000 | 24.540.487 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 7 | 20.420.480 | 20.862.000 | 19.793.643 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8 | 4.583.356 | 5.644.000 | 4.891.729 |
| Afskriftir | 5,9 | 277.500 | 200.000 | 277.500 |
| | | 25.281.336 | 26.706.000 | 24.962.872 |
| **Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða** | | 543.630 | 191.000 | ( 422.385) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 132.935 | 0 | 105.475 |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 26.586) | 0 | ( 21.095) |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | | ( 90.079) | ( 68.000) | ( 51.070) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | | 16.270 | ( 68.000) | 33.310 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)** | 11 | 559.900 | 123.000 | ( 389.075) |

# Efnahagsreikningur 31.desember 2015

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 346.875 | 624.375 |
| Fastafjármunir samtals | 5,9 | 346.875 | 624.375 |
| Óinnheimtar tekjur | 6,10 | 3.445.510 | 1.547.620 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 417.691 | 182.156 |
| Handbært fé | | 1.214.983 | 2.388.630 |
| Veltufjármunir samtals | | 5.078.184 | 4.118.406 |
| **Eignir samtals** | | 5.425.059 | 4.742.781 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eiginfjárreikningur | 11 | 1.740.395 | 1.180.495 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 12 | 272.277 | 361.199 |
| Ógreiddur kostnaður | 13 | 3.412.387 | 3.201.087 |
| | | 3.684.664 | 3.562.286 |
| Skuldir samtals | | 3.684.664 | 3.562.286 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 5.425.059 | 4.742.781 |

**Skuldbindingar** ..... 14

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2015

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) samkvæmt rekstrarreikningi | 11 | 559.900 | ( 389.075) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 9 | 277.500 | 277.500 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 837.400 | ( 111.575) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, hækkun | | ( 2.133.425) | ( 411.930) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 122.378 | 538.198 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 2.011.047) | 126.268 |
| Handbært fé (til) frá rekstri | | ( 1.173.647) | 14.693 |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 1.173.647) | 14.693 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 2.388.630 | 2.373.937 |
| **Handbært fé í árslok** | | 1.214.983 | 2.388.630 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands var stofnað af sveitarfélögunum á Vesturlandi þann 15. febrúar 1999 á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er allt eftirlitssvæði Vesturlandssvæðis.

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innhald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í íslenskum krónum.

3. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2015 er birt í ársreikningnum til samanburðar eins og hún var samþykkt þann 3. nóvember 2014 á stjórnarfundi eftirlitsins.

### *Innlausn tekna*

4. Tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi. Framlög sveitarfélaga er innheimt í samræmi við samstarfssamning aðila sem að eftirlitinu standa og skiptist á milli aðila í hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags.

5. ***Varanlegir rekstrarfjármunir***

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftirnar eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### *Skammtímakröfur*

6. Skammtímakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

## Sundurliðanir

7. ***Laun og launatengd gjöld greinast þannig:***

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Laun starfsmanna | 14.973.640 | 14.811.600 |
| Laun stjórnar | 1.374.160 | 1.035.787 |
| Áunnið orlof, breyting | ( 1.093) | 80.319 |
| Ökutækjastyrkir | 428.272 | 347.884 |
| Dagpeningar | 221.400 | 172.800 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 1.831.900 | 1.786.196 |
| Önnur launatengd gjöld | 1.592.201 | 1.559.057 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 20.420.480 | 19.793.643 |

8. ***Annar rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:***

| | | |
|---|---|---|
| Húsaleiga og skrifstofukostnaður | 901.039 | 1.015.122 |
| Sími og burðargjöld | 321.290 | 320.626 |
| Rekstur bifreiða | 581.546 | 674.654 |
| Sýnataka | 1.522.095 | 1.100.526 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 900.142 | 680.256 |
| Niðurfærsla krafna og töpuð eftirlitsgjöld | 159.693 | 781.368 |
| Annar kostnaður | 197.551 | 319.177 |
| | 4.583.356 | 4.891.729 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

9. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Bifreið |
|---|---|
| Heildarverð 1.1.2015 | 1.850.000 |
| Afskrifað áður | ( 1.225.625) |
| Bókfært verð 1.1.2015 | 624.375 |
| Afskrifað á árinu | ( 277.500) |
| Bókfært verð 31.12.2015 | 346.875 |
| | |
| Heildarverð 31.12.2015 | 1.850.000 |
| Afskrifað 31.12.2015 | ( 1.503.125) |
| Bókfært verð 31.12.2015 | 346.875 |
| | |
| Afskriftahlutföll | 15% |

## Skammtímakröfur

10. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 2.544.019 | 1.762.651 |
| Breyting á niðurfærslu á árinu | 159.693 | 781.368 |
| Niðurfærsla i árslok | 2.703.712 | 2.544.019 |

## Eigið fé

11. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2015 | 1.180.495 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 559.900 |
| Eigið fé 31.12.2015 | 1.740.395 |

## Skammtímaskuldir

12. Viðskiptaskuldir

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Lánardrottnar | 272.277 | 361.199 |
| | 272.277 | 361.199 |

13. Ógreiddur kostnaður greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Ógreidd laun | 176.323 | 0 |
| Áfallið orlof | 1.550.093 | 1.551.186 |
| Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald | 1.134.351 | 1.139.498 |
| Ógreidd önnur launatengd gjöld | 378.105 | 434.565 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 173.515 | 75.838 |
| Skammtímaskuldir samtals | 3.412.387 | 3.201.087 |

## Skuldbindingar

14. Á árinu 2009 gerði Heilbrigðiseftirlitið samning við Hvalfjarðarsveit um leigu á aðstöðu og þjónustusamning um bókhald en samningurinn um bókhaldið færðist yfir til Hvalfjarðarsveitar 1. janúar 2012. Samningurinn tók gildi 1. september 2009 og er ótímabundinn. Kostnaður nam á síðasta ári 0,8 millj. kr. og er færður á annan rekstrarkostnað í rekstrarreikningi.

## Tengdir aðilar

15. Aðal- og varamenn í stjórn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands auk æðstu stjórnenda þess eru skilgreindir sem tengdir aðilar eftirlitsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila. Í skýrslu stjórnar er getið um laun greidd til stjórnar og framkvæmdastjóra.

| Kröfur og skuldir á tengda aðila sundurliðast með eftirfarandi hætti í árslok: | Skuld | Krafa |
|---|---|---|
| Akraneskaupstaður | 0 | 166.440 |
| Borgarbyggð | 0 | 21.338 |
| Grundarfjarðarbær | 0 | 88.768 |
| Hvalfjarðarsveit | 125.351 | 0 |
| | 125.351 | 276.546 |